

Fundargerð 48. fundar í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar 23. júní 2010, kl. 10.00 á skrifstofu félagsins, Skógarbraut 946 á Ásbrú.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, stjórnarformaður
Reynir Ólafsson, stjórnarmaður
Inga Sólnes, stjórnarmaður
Berglind Kristinsdóttir, stjórnarmaður
Ásmundur Friðriksson, varastjórnarmaður
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm. framkvæmdastjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Stjórn kynnt og skiptir með sér verkum
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson var kjörin nýr stjórnarformaður Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Árni Sigfússon var kjörinn varastjórnarformaður.
2. Kynning á störfum félagsins fyrir nýrri stjórn
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn störf Þróunarfélagsins og fór yfir helstu verkefni.
3. Önnur mál

Útboð – rif í byggingu 710

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn niðurstöður útboðs í rif innan úr byggingu 710 – sjúkrahúsbyggingu, sem opnað var þann 17.maí sl.

Stjórn ákvað að taka tilboði Atafis, samkvæmt tillögu Verkís, sem hafði yfirumsjón með ferlinu.

Fundartímar stjórnar

Stjórn ákvað að stjórnarfundir ÞK yrðu haldnir 2. fimmtudag í mánuði kl. 12.00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946 á Ásbrú.

Næsti fundur stjórnar er fimmtudagurinn 12.ágúst.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
/ Ásmundur Friðriksson /
Berglind Kristinsdóttir
Inga Sólnes
Reynir Ólafsson